

Styrktar- og vísindasjóður Rannsóknastofu Háskóla Íslands og Landspítala-háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum.

Sjóðurinn var stofnsettur árið 2002. Meginmarkmið sjóðsins er að efla Rannsóknastofu Háskóla Íslands og Landspítala- háskólasjúkrahúss í öldrunarfræðum samkvæmt markmiðum hennar í stofnskrá og er stjórn sjóðsins heimilt að styrkja hvert það verkefni sem hún telur efla og gagnast rannsóknastofunni.

Hlutverk Rannsóknarstofu

- að vera miðstöð rannsókna á sviði öldrunarfræða er geta tekið til heilbrigðisþátta, félagslegra þátta, fjárhagslegra þátta, og annarra þátta er tengjast lífsgæðum aldraðra.
- að stuðla að samvinnu fræðimanna Háskóla Íslands sem vinna að öldrunarrannsóknum.
- að hafa áhrif á þróun kennslu í öldrunarfræðum innan Háskóla Íslands.
- að skapa heimili fyrir rannsóknarverkefni á sviði öldrunar.

Tekjur sjóðsins

- Frjáls framlög einstaklinga og félaga.
- Áheiti og minningagjafir.
- Leigutekjur af tækjum og eignum sjóðsins.
- Fjármagns- og vaxtatekjur.
- Aðrar tekjur.

Margvíslegar rannsóknir eru nú stundaðar á Rannsóknarstofunni og sem dæmi má nefna:

- Erfðarannsóknir langlífis og heilabilunar og margvíslegra klínískra rannsókna á sviði heilabilunar.
- Samnorðen RAI rannsókn á öldruðum, sem leggjast brátt á sjúkrahús.
- Evrópsk RAI rannsókn í heimaþjónustu.
- 80+ samanburðar rannsókn milli Íslands, Svíðþjóðar og Kanada.
- Þátttaka í öldrunarrannsókn Hjartaverndar.



Skrifstofa öldrunarsviðs, sími 543-9890 veitir allar nánari upplýsingar og þar er hægt að fá minningarkort styrktar- og vísindasjóðs RHLÖ



Styrktar og vísindasjóður RHLÖ er skráður hjá dómsmálaráðuneytinu. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga á LSH annast fjárreiður og bókhald sjóðsins f.h. sjóðsstjórnar og skulu reikningar hans endurskoðast af ríkisendurskoðun.